

## REGLUR

### um breytingu á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 325/1985, sbr. breytingu nr. 171/1987.

#### 1. gr.

8. gr. orðist svo:

#### **Losunar- og sjósetningarbúnaður gúmmíbjörgunarbáta.**

8.1. Hvert skip 8 m eða lengra, önnur en skemmtibátar undir 15 m að lengd, skal búið a.m.k. einum gúmmíbjörgunarbáti sem unnt er að losa og undirbúa til notkunar fyrirvaralaust með einu handtaki.

Jafnframt skal a.m.k. einn gúmmíbjörgunarbátur á framanagreindum skipum minni en 24 m að lengd festur með sjálfvirkum búnaði sem losar gúmmíbjörgunarbátinn ef skipinu hvolfir eða það leggst á þá hlið sem gúmmíbjörgunarbáturinn er staðsettur á og tryggja jafnframt að báturinn byrji að blásast upp um leið og hann losnar.

8.2. Á skipum 15 m og lengri skal losunar búnaðurinn skv. ákvæðum í gr. 8.1 jafnframt tryggja að gúmmíbjörgunarbáturinn fari út fyrir borðstokk, þó að búnaðurinn sé ísbrynjaður og á kafi í sjó, hvernig sem skipið snýr.

Sjósetningarbúnaður samkvæmt reglum þessum telst lunningabúnaður, hliðarbúnaður, skutbúnaður eða stefnisbúnaður, allt eftir gerð búnaðarins.

8.3. Gúmmíbjörgunarbátar, sem komið er fyrir í losunar- og sjósetningarbúnaði skv. þessum reglum, og gengið hefur verið frá á þann hátt að þeir byrji að blásast upp um leið og þeir losna eða falla í sjó, skulu merktir með greinilegum rauðum límmiða á umbúðum bátanna, með hvíttri áletrun um frágang tengingar.

8.4. Staðsetning og frágangur búnaðar til losunar og sjósetningar gúmmíbjörgunarbáta í öllum skipum og bátum er háð samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins.

Óheimilt er að breyta staðsetningu sjósetningarbúnaðar án samþykkis Siglingamálastofnunar ríkisins.

8.5. Allur búnaður sem sótt er um viðurkenningu á til Siglingamálastofnunar ríkisins skv. reglum þessum, skal prófaður hjá óháðum viðurkenndum aðila, í samræmi við nánari ákvörðun Siglingamálastofnunar ríkisins.

8.6. Sjósetningarbúnaður skal skoðaður árlega.

Siglingamálastofnun er heimilt að veita sérstökum aðilum heimild til að annast skoðun og viðhald sjósetningarbúnaðar gúmmíbjörgunarbáta skv. nánari fyrirmælum.

Skoðunargjöld fyrir sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta skulu ákveðin af samgönguráðherra.

8.7. Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 51/1987 um eftirlit með skipum staðfestast hér með til að öðlast gildi sem hér segir:

1. Ný fiskiskip og önnur ný skip, sem ekki eru búin yfirbyggðum stinum björgunarbátum af viðurkenndri gerð, skulu fullnægja ákvæðum reglna þessara 1. mars 1988.

Siglingamálastjóra er þó heimilt að veita eigendum nýrra skipa frest til 1. september 1988, ef sérstakar ástæður mæla með því.

2. Skip minni en 50 brl. skulu fullnægja ákvæðum þessara reglna við endurnýjun haffærisskírteina árið 1989.

3. Önnur skip skulu fullnægja kröfum eldri reglna, þar til búnaður þeirra verður endurnýjaður.

*Samgönguráðuneytið, 1. febrúar 1988.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*